

TILLAGA AÐ VIÐAUKA VIÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN **VEGNA BREYTINGA Á STARFSEMI SOS**

Liður 1.

Stjórn SOS leggur til að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2026 að fjárhæð 14.500.000 kr. vegna ráðningar starfsmanns í 100% stöðugildi hjá SASS á kostnað SOS. Samhliða verði liðurinn *stjórnar- og nefndarlaun* í fjárhagsáætlun ársins 2026 lækkaður um 1.000.000 kr.

Greinargerð

Á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 24. október 2025 voru samþykktar tillögur stjórnar sem varða breytingu á umgjörð og rekstri SOS. Á fundinum var samþykkt að vinna nánari kostnaðargreiningu í samvinnu við stjórn SASS vegna breytinganna og að unnin yrði tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026 á grundvelli þeirrar greiningarvinnu. Um kostnaðargreininguna vísast til fylgiskjals þar um með tillögu þessari.

Ekki er talin þörf á viðauka við fjárhagsáætlun vegna annarra liða en stöðugildis starfsmanns skv. lið 2 í samþykktum tillögum stjórnar á fundinum þann 24. október sl. Liðurinn fól í sér að undirbúin yrði tímabundin ráðning starfsmanns til 1 árs hjá SASS á kostnað SOS sem fari með daglegan rekstur verkefna SOS og að taka saman og greina nánar þau tækifæri til samstarfs og samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi geti haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu.

Áætlaður kostnaður við laun og launatengd gjöld þess starfsmanns sem fyrirhugað er að ráða til SASS á kostnað SOS er 17.000.000 kr. fyrir 1 ár. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn hefji störf í mars 2026 og næmi þannig kostnaður við laun á árinu 2026 að hámarki um 14.500.000 kr. og eftirstöðvarnar, 2.500.000 kr. myndu þannig falla til á árinu 2027.

Annar kostnaður við starfsemi SOS sem falla undir samning SOS og SASS, svo sem vegna skrifstofubúnaðar, ferðakostnaðar og annars tilfallandi atriða, er áætlaður um 3.000.000 kr. og er sá kostnaður þegar fjármagnaður í fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026 ásamt áætluðum kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu Eflu vegna lokunar og vöktunar urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu 3 skv. lokunaráætlun og fyrirbyggjandi samningi þar um.

Vegna fækkunar stjórnarmanna úr 5 í 3 og annarra þátta sem breytingarnar hafa í för með sér fyrir umfang starfa stjórnar SOS er lagt til að liðurinn stjórnar- og nefndarlaun í fjárhagsáætlun ársins 2026 verði lækkaður um 1.000.000 kr. Raunverulegur kostnaðarauki vegna ráðningar framangreinds starfsmanns nemur þannig 13.500.000 kr. með tilfærslu þessa fjármagns á milli liða.